

Sp. 743. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1945 og við brtt. á þskj. 725 og 740.

- I. Frá *fjármálaráðherra*.
 - Við 2. gr. 1. (Tekju- og eignarskattur).
 - Liðinn skal orða svo:
 - Tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka 28 500 000
- II. Frá *samgöngumálaráðherra*.
 - Við 3. gr. A. 1. Sundurliðun. 2. I. (Tekjur landssímans).
 - Fyrir „10 550 000“ kemur 13 550 000
- III. Frá *Páli Zóphóniassyni*.
 - Við brtt. 725, 2. (Við 12. gr. XIV. — Læknisvitjanasjóðir).
 - Aths. skal orða svo:
 - Þar af 11 950 kr. sem aukaframlög vegna hreppa, er eiga sérstaklega erfiða læknissókn, og skiptir heilbrigðis-

stjórnin upphæðinni milli sjóðanna, eftir því sem við á, í samræmi við ákvæði fjárlaga 1943 um læknisvitjanastyrki.	
IV. Frá <i>Bernharð Stefánssyni</i> og <i>Garðari Þorsteinssyni</i> . Varatill. við brtt. 740, V. (Við 13. gr. A. II. a. 54. — Litla-Árskógssandsvegur).	
Framlagið verður	15 000
V. Frá <i>Ingólfi Jónssyni</i> . Við 13. gr. A. II. a. 101. (Hagabraut). Fyrir „25 000“ kemur	50 000
<i>Til vara</i>	40 000
VI. Frá <i>Páli Hermannssyni</i> og <i>Páli Zóphóniassyni</i> . Við 13. gr. A. III. 2. Nýr liður: Jökulsá í Fljótstal (fyrsta greiðsla af þremur)	85 000
VII. Frá <i>Eysteini Jónssyni</i> . Varatill. við brtt. 740, XI. (Við 13. gr. A. III. 3. — Geitdalsá og Múlaá). Framlagið verður	100 000
VIII. Frá <i>Hermann Jónassyni</i> . Við 13. gr. A. III. 4. Nýr liður: Selá í Strandasýslu	130 000
<i>Til vara</i> : Selá í Strandasýslu (fyrri greiðsla)	65 000
IX. Frá <i>Eysteini Jónssyni</i> og <i>Ásmundi Sigurðssyni</i> . Við 13. gr. A. III. 5. Nýr liður: Hofsá í Álftafirði (fyrsta greiðsla)	60 000
X. Frá <i>Sveinbirni Högnasyni</i> . Við 13. gr. A. III. 5. Nýr liður: Djúpá í Fljótshverfi	185 000
XI. Frá <i>Sigurði E. Hliðar</i> , <i>Ingólfi Jónssyni</i> , <i>Helga Jónassyni</i> , <i>Gunnari Thoroddsen</i> og <i>Páli Þorsteinssyni</i> . Við 14. gr. A. VIII. Nýr liður: Kirkjubyggingarstyrkur: 1. Til Akureyrarkirkju	15 000
2. Til Ásólfskálakirkju	15 000
3. Til kirkjubyggingar á Hvanneyri	15 000
4. Til Hellnakirkju	15 000
5. Til Njarðvíkurkirkju	15 000
6. Til Brunnhólskirkju	10 000
.....	85 000
XII. Frá <i>Bjarna Ásgeirssyni</i> . Við 16. gr. A. 4. Nýr liður: Greiðsla samkv. lögum um landnám ríkisins, nr. 58 1941, þriggja ára lögboðið framlag	750 000
XIII. Frá <i>Bjarna Ásgeirssyni</i> . Við 16. gr. A. 26. Nýr liður: Til Sigbjörns Ármanns, til vatnsmiðlunar úr Langavatni í Langá og Gljúfurá í Mýrasýslu vegna laxveiði, allt að helmingi kostnaðar, fyrri greiðsla	12 000
XIV. Frá <i>Gunnari Thoroddsen</i> . Við 16. gr. C. 9. Nýr liður: Til vatnsveitu Stykkishólms	200 000
<i>Til vara</i>	100 000
XV. Frá <i>Ólafi Thors</i> , <i>Hermann Jónassyni</i> , <i>Einari Olgeirssyni</i> og <i>Stefáni Jóh. Stefánssyni</i> . Við 17. gr. 27. Nýr liður: Til styrktar bágstöddum Dönnum erlendis	350 000

- XVI.** *Frá Helga Jónassyni.*
Við 20. gr. Út. VIII. Liðinn skal orða svo:
Til undirbúnings byggingu bændaskóla í Skálholti 2 000 000
- XVII.** *Frá Gunnari Thoroddsen og Hermanni Jónassyni.*
Við 22. gr. XIII. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir hönd rikissjóðs 400 þús. kr. lán til vatnsveitu Stykkishólmshrepps og 100 þús. kr. lán til vatnsveitu á Hölmavík.
- XVIII.** *Frá Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 22. gr. XV. Nýr liður:
Að verja úr rikissjóði allt að 25 þús. kr. í byggingarstyrk til Ásgeirs Bjarnþórssonar, listmálara.
- XIX.** *Frá Gunnari Thoroddsen.*
Við 22. gr. XVII. Nýr liður:
Að verja úr rikissjóði allt að 50 þús. kr., að fengnum tillögum fiski-
málanefndar, til þess að styrkja þá útgerðarmenn, er misst hafa fiskiskip
sín frá ófriðarbyrjun, til að eignast ný skip, þó ekki yfir 20% af verði
skipsins.
- XX.** *Frá Sigurði Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni, Stefáni Jóh. Stefánssyni
og Hermanni Jónassyni.*
Við 22. gr. XIX. Nýr liður.
Að veita Íþróttasambandi Íslands 8000 kr. styrk til þess að hafa fast-
ráðinn framkvæmdastjóra.
- XXI.** *Frá fjármálaráðherra.*
Við 22. gr. XIX. Nýr liður:
Að fella niður allar ráðgerðar fyrningar á fasteignum rikissjóðs við
samningu ríkisreiknings fyrir árið 1945.